

Skólanámskrá

Leikskólinn Miðborg



2024



Lindarborg
Lindargata 26

midborg@reykjavik.is

Barónsborg
Njálsgata 70

Sími: 4113560

<https://reykjavik.is/midborg-leikskoli>

Ábyrgðarmenn námskrár: **Tinna Sigurðardóttir og Ösp Jónsdóttir**

Uppsetning: Inga Sól Ingibjargardóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	2	Málstefna Miðborgar	22
Hlutverk Miðborgar	3	Sérkennsla	25
Saga Miðborgar	4	Farsæld barna	26
Hugmyndafræði Miðborgar	5	Ytra og innra mat	27
• Flæði	7	Mat á þroska og líðan barna	29
• Jákvæð sálfræði	8	• Bók barnsins	32
• Leikurinn	9	Hefðir í Miðborg	33
Námssvið Miðborgar	11	Foreldrasamsstarf	34
• Læsi og samskipti	12	Aðlögun	36
• Heilbrigði og vellíðan	15	Þakkir	37
• Sjálfbærni og vísindi	17	Heimildir	38
• Sköpun og menning	19		



Inngangur

Skólanámskrá Miðborgar var unnin með þátttöku allra starfsmanna skólans. Hefur óformleg vinna við námskrána staðið yfir í nokkur ár en formleg vinna hófst í byrjun árs 2023 þegar skipaður var verkefnastjóri til að halda utan um upplýsingasöfnun og ritun. Deildarstjórar og stjórnendur unnu við að leggja drög og finna áhersluatriði í starfi Miðborgar – rauða þráðinn. Eins var leitað til allra starfsmanna með viðtölum og spurningalista, ásamt gátlistum sem starfsmenn allra deilda unnu saman. Raddir barnanna koma líka fram í námskránni þar sem hlustað er eftir skoðunum þeirra.

Allir leikskólar eiga að útfæra sína eigin skólanámskrá og hafa Aðalnámskrá til grundvallar. Í skólanámskrá skal koma fram hverjar eru áherslur í hugmyndafræði, menningu og starfsháttum skólans.

Í námskránni er farið yfir hlutverk Miðborgar og verður hugmyndafræði leikskólans gerð skil sem og grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár leikskóla sem tók gildi 1. ágúst 2023.

Námskránni er ætlað að varpa ljósi á hvernig unnið er í Miðborg til að mæta þessum þáttum og nemendum okkar á sem bestan hátt.

Hafa ber í huga að námskrá þessi er lifandi skjal og því þarf að skoða hana reglulega og meta hvort gera þurfi breytingar.

Hlutverk Miðborgar

„Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi“ (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Í Miðborg er unnið eftir kenningum Mihaly Csikszentmihalyi um jákvæða sálfræði og flæði. Áhersla er lögð á samskipti, jafnrétti og lýðræði þar sem börnin sjálf hafa áhrif á sitt daglega starf og menntun.

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Markmið Miðborgar í starfi er að börn nái árangri í námi og leik, séu sterk félagslega og fái tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu (Heimurinn er hér, 2014).



Saga Miðborgar í stuttu máli

Leikskólinn Miðborg er í dag einn leikskóli rekinn í tveimur húsum. Miðborg varð til við sameiningu Barónsborgar, Lindarborgar og Njálshöfnar árið 2011. Miðborg er því ungur leikskóli með gamlar og styrkar rætur í miðbæ Reykjavíkur.

Barónsborg var byggð árið 1950 og er eitt af fyrstu húsum Reykjavíkur sem var byggt sem leikskóli.

Lindarborg hefur þjónað ýmsum tilgangi áður en það varð að leikskóla 1994, þar var til dæmis bókaforlagið Helgafell, vélsmiðja og kvikmyndaver. Njálshöfn var sett saman af tveimur íbúðarhúsum árið 1994, í öðru húsinu hafði einnig verið líkkistusmiðja um tíma.

Undanfarin ár hefur leikskólinn rúmað um 118 börn en árið 2023 var ákveðið að loka Njálshöfninni svo nú geta börnin verið 86 í leikskólanum.

Stefnt er að því að við Miðborg bætist þriðja húsið árið 2024 og bætast þá við að minnsta kosti 60 pláss. Það húsnæði er í færanlegum einingum og verður staðsett við Barónsstíg 34.

Framtíðarsýnin er enn sú að starfsemi leikskólans verði öll undir einu þaki á Njálsgöturóló sem er á bakvið gamla Austurbæjarbíó við Snorrabraut.



Hugmyndafræði Miðborgar


„Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar“ (2019).

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum seinustu áratugi yfir í ríkt fjölmenningsamfélag þar sem bakgrunnur einstaklinga sem hér búa er fjölbreyttur. Meginmarkmið í skólastarfi er að styðja og veita börnum og ungmönnum þá færni og þekkingu sem þarf, bæði námslega og félagslega, til þess að verða þátttakendur í íslensku samfélagi og þróa með sér virðingu fyrir eigin menningu og annarra.

Í Miðborg er unnið í samræmi við nýjar áherslur aðalnámskrá leikskóla um lýðræðislegt leikskólastarf þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti og litið er á börn sem virka þátttakendur þar sem allir fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum og hafa áhrif á umhverfi sitt og daglegt starf.



Í starfi Miðborgar er starfið byggt á fræðum Mihaly Csikszentmihalyi og Martin Seligman um jákvæða sálfræði, flæði ásamt mikilvægi leiksins sem aðalnámsleið barna.



Flæði

„Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Mihaly Csikszentmihalyi setti fram flæði og bjó hugtakið til. Mihaly er ungverskur sálfræðiprófessor sem lærði í Bandaríkjunum. Kenningar hans eru flokkaðar sem samskiptakenningar og er hann sérfræðingur í sköpunargleði, hamingju og jákvæðri sálfræði. Mihaly setti fram kenninguna um flæði eftir að hafa rannsakað hvað það er sem fær fólk til þess að vera ánægt með sjálfst sig og af hverju. Flæði skilgreinir hann sem hugarástand þegar við njótum okkar sem best. Einstaklingurinn verður svo niðursokkinn í verk eða athöfn að ekkert annað kemst að. Verkefnið á hug hans allan og hann gleymir jafnvel stað og stund. Honum leiðist ekki og hann er laus við kvíða (Csikszentmihalyi, 1990).

Gott er að hafa í huga þegar unnið er með flæði í leikskólastarfi að velja efnivið sem býður upp á sköpun. Slíkur efniviður hjálpar til við að ýta undir flæði hjá börnum. Með opnum efnivið geta þau skapað sér nýja veröld eftir eigin höfði.

Kennarar verða að vera vakandi fyrir áhuga barnanna og sýna honum virðingu. Til að skapa tækifæri til að sökkva sér í verkefni og þróa þau áfram er mikilvægt að sveigjanleiki sé í dagskipulagi leikskólans svo börn hafi nægjanlegan tíma og val til þess að sökkva sér í verkefni sín án mikillar truflunar frá skipulögðum stundum (Csikszentmihalyi, 1990).

Í Miðborg er leitast við að hafa mikinn sveigjanleika í daglegu starfi þar sem skipulagðar stundir eru hafðar í lágmarki svo börnin geti notið sín í flæði án tímatakmarkana og að allur efniviður sé aðgengilegur börnunum. Áhugi og viji barnanna er leiðandi í þeirra daglega starfi þar sem þau velja sér viðfangsefni hverju sinni og fá tækifæri og frelsi til að kanna umhverfi sitt og getu sína í leik.

Þessar áherslur má einnig sjá í aðalnámskrá leikskóla (2023) þar sem kemur fram að mikilvægt sé að börn finni að þau séu leiðtogar í eigin lífi og þau fái tækifæri og aðstæður þar sem leikurinn byggir á þeirra eigin styrkleikum og áhugasviði.

Jákvæð sálfræði

„Þær aðferðir sem taldar eru árangursríkastar í námi fjölbreyttra barnahópa ganga út á að þróa skólustarf þannig að það feli í sér þátttöku allra nemenda, virkt lýðræði, jafnrétti til náms og valddreifingu allra þeirra sem koma að skólustarfinu. Þróun fjölmennigarlegra kennsluhátta þarf að fela í sér að allir nemendur verði áhrifavaldar í eigin námi og að hlustað sé á raddir þeirra“ (Heimurinn er hér, 2014).

Upphaf jákvæðrar sálfræði má rekja til ársins 1998 þegar Martin Seligman og Mihaly Csikszentmihalyi komu fram með kenningar sínar um jákvæða eiginleika mannsins. Þeir vildu kanna hvað einkennir einstaklinga sem líður vel, blómstra og þekkja styrkleika sína. Með jákvæðri sálfræði er unnið með styrkleika hjá hverjum einstaklingi fyrir sig og unnið að því að auka sjálftraust hans. Markviss vinna með styrkleika hjálpar einstaklingnum að takast á við erfiða hluti og ná árangri í lífinu (Seligman og Csikszentmihalyi, 2000).

Það að finna tilgang með þeim verkefnum sem maður tekur sér fyrir hendur og finna að maður hefur eitthvað um verkefnin að segja er mikilvægt og gerir okkur ánægðari.

Sé maður meðvitaður um styrkleika sína og áhugasvið er auðveldara að finna verkefni við hæfi eða aðlaga þau þannig að besta útkoman náist. Það að geta unnið með öðrum, aðstoðað þá, borið umhyggju fyrir þeim og gert þeim gott, skapar hamingju og ánægju.

Í starfi Miðborgar er það ábyrgð kennara og starfsmanna að kynnast börnunum og eiga við þau samskipti til þess að kanna og finna styrkleika þeirra og byggja á þeim frekar en að horfa á það sem vantar upp á. Með því að ná til barnanna og byggja á styrkleikum þeirra er hægt að efla sjálftraust þeirra og trú á eigin getu og þessi styrking leiðir til þess að hægt sé að takast á við erfiðari verkefni.

Leikurinn

„Í leik mynda börn tengsl við aðra, skapa sér þekkingu, taka sér hlutverk, skapa ímyndaðar aðstæður og fylgja reglum leiksins sem þau setja sjálf. Börn hafa mismunandi áhuga, búa yfir ólíkri reynslu og þekkingu, sem þau auðga leik sinn með“
(Aðalnámsskrá leikskóla, 2023).

Í Miðborg er litið á leikinn sem eitt mikilvægasta tjáningarform barnanna. Í leik felst oft mikil sköpun þar sem börnin opna sig og áhugasvið sín og eiga í samskiptum við aðra. Leikskóladagur barnanna er að mestu leyti frjáls leikur þeirra.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þar sem þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Þegar börn gera sér grein fyrir eigin möguleikum, geta þau betur tekist á við áskoranir, náð ávinningi og sýnt seiglu (aðalnámsskrá leikskóla, 2023).

Hlutverk kennara og starfsmanna er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja þau opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu síður mikilvægt og margþætt. Kennarar eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik (Aðalnámsskrá leikskóla, 2023).



Hvað segja börnin að kennarar eigi að gera?

Tala við mömmu
og pabba

Tala mikið við börn

Leika við börn

Strauja perlurnar

Vera góðir við alla

Vera glaðir

Námssvið Miðborgar

Í Aðalnámskrá leikskóla eru settir fram sex grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum. Það er mikilvægt að þeir endurspeglar í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfi og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér (2023). Fyrir frekari upplýsingar um grunnþætti menntunar er hægt að lesa 2. kafla í aðalnámskrá leikskóla.

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggja á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla.

Þrátt fyrir að einstök námssvið spili saman hefur hvert svið sín sérkenni sem leikur barna styrkir. Í leik barna getur verið sköpun, læsi, sjálfbærni og samskipti í einum og sama leiknum sem dæmi um hvernig námssviðin fléttast saman (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Námssvið leikskóla eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þau eiga að vera samofin öllu leikskólastarfi og stuðla meðal annars að því að starf leikskólans einkennist af inngildandi starfsháttum og hugarfari sem tekur mið af magbreytileika barnahóps, aldri, færni og þekkingu þeirra. Starf leikskólans á að byggja á áhuga, hugmyndum, reynslu og þátttöku barna og efla trú þeirra á eigin getu og stuðla að sterkri sjálfmynd barna og þekkingu þeirra á eigin tilfinningum (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Læsi og samskipti

„Þær aðferðir sem taldar eru árangursríkastar í námi fjölbreyttra barnahópa ganga út á að þróa skólastarf þannig að það feli í sér þátttöku allra nemenda, virkt lýðræði, jafnrétti til náms og valddreifingu allra þeirra sem koma að skólastarfinu. Þróun fjölmenningsarlegra kennsluhátta þarf að fela í sér að allir nemendur verði áhrifavaldar í eigin námi og að hlustað sé á raddir þeirra“ (Heimurinn er hér, 2014).

Gæðamálörvun í daglegu starfi er mikilvægur liður í Miðborg á öllum aldurstigum þar sem að börnin eru oft á misjöfnum stað í íslenskunámi sínu. Í leik barna skapast ótal tækifæri til samskipta bæði á milli barnanna sjálfra og milli barna og kennara.

Hlutverk leikskólastarfsfólks er að vera til staðar í leik barna til aðstoðar ef þarf en einnig til að efla leikinn með hugmyndum, gagnvirkum samræðum og leikefni sem eflir mál og læsi. Með því að eiga samræður í leik fer fram mikið nám í læsi og samskiptum þar sem börnin æfast í því að setja orð á eigin upplifanir og hluti.

Markmiðið með læsi og samskiptum í Miðborg er að gefa börnum tækifæri til að þroska mál sitt og æfa þau í að tjá sig og tilfinningar sínar.

Þau æfast í að eiga í samskiptum við aðra og fá rými til að tjá sig, spyrja spurninga og svara þeim. Að eiga í gefandi samskiptum við aðra þar sem börnin eru virkir þátttakendur eykst félagsfærni þeirra og þannig styrkist sjálfsmynd þeirra.

Í Miðborg er stuðst við námsefnið *Lubbi finnur málbein* (2009) sem er notað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Aðferðin nýtist jafnt börnum sem glíma við erfiðleika í máltöku og hinum sem læra málið án vandkvæða. Efnið stuðlar að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Kennsluefnið hentar einnig afar vel fyrir jafn fjölbreyttan barnahóp eins og í Miðborg þar sem það byggir á fjölbreyttum kennsluáðferðum og hægt er að tengja það við alla helstu daglegu þætti í leikskólastarfinu.

Læsi og samskipti

Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með læsi og samskipti eru:

- Kennarar og starfsfólk hafa það hlutverk að setja orð á alla hluti og athafnir barnanna því það getur aukið skilning þeirra á líkamstjáningu hvers annars, verið liður í að auka orðaforða þeirra og þróa tungumálið í leik.
- Kennarar og starfsfólk er alltaf til staðar og vakandi fyrir leik barna til þess að geta aðstoðað ef þarf en einnig til þess að sjá og ígrunda samskipti barnanna.
- Bækur eru aðgengilegar börnum á öllum aldursstigum og áhersla er lögð á að lesið sé fyrir börnin á hverjum degi bæði í stórum og minni hópum.
- Söngur og tónlist skipta miklu máli í málörvunarstarfi. Lögð er áhersla á að það séu söngstundir á deildum.
- Nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að auka skilning á sögum og söngvum t.d. er innihald textans teiknaður eða leikinn.
- Áhugasvið barnanna hefur áhrif á það hvaða sögur og söngvar er unnið með og eru börnin hvött til þess að deila skoðunum sínum og óskum.

Læsi og samskipti

Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með læsi og samskipti eru (framhald):

- Endurtekning er afar mikilvæg öllum sem eru að læra nýja hæfni og orð. Unnið er með sömu bókina, söguna og lögin í mislöng tímabil eftir þörfum og áhuga barnanna.
- Merkingabært umhverfi, að myndrænt dagskipulag sé sýnilegt og auðveldi aðgengi og skilning á því hvað er í boði hverju sinni og hvað er framundan í daglegu starfi.
- Unnið er með Lubbi finnur málbein á öllum deildum Miðborgar og er það aðlagð að getu og aldri hvers hóps. Reglulegar Lubbastundir eru ásamt því að námsefnið á að vera sýnilegt börnum í daglegu starfi.
- Í Miðborg er unnið með flæði sem felst í því að börnin stjórna viðfangsefnum sínum sjálf í daglegu starfi. Því er mikilvægt að allt leikefni og efniviður sé aðgengilegt börnunum svo þeirra áhugasvið ráði ferðinni í leik og starfi.

„Litið er á barnið sem virkan þátttakanda í að hafa áhrif á daginn sinn. Kennarar hafa mikil áhrif á nám barna og þess vegna er mikilvægt að skapa sér námsumhverfi þar sem öllum börnum er mætt á þeirra forsendum. Þannig er þeim gefið tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám sem eykur gleði og sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmyndina“
(Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).


Heilbrigði og vellíðan

„Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Leikur styrkir heilbrigði barna, þau eru ólík og hafa mismunandi þarfir sem mikilvægt er að komið sé til móts við í leikskólastarfi. Fagleg umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla; umhyggja sem felur í sér faglega þekkingu og ábyrgð hvers leikskólakennara, er hluti af skuldbindingu hans við starfið. Mikilvægt er að starfsfólk myndi góð og náin tengsl við börnin, sýni þeim kærleik og virðingu og stuðli að því að börnin fái tækifæri til að upplifa gleði og tilhlökkun“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Í Miðborg er lögð áhersla á að gefa börnum tækifæri til þess að þjálfa bæði gróf- og fínhreyfingar í daglegu starfi. Útivera og hreyfing eru afar mikilvægir þættir í þroska og námi barna. Með því að leggja áherslu á hreyfingu er lagður grunnur að góðri heilsu og vellíðan barna. Þannig læra börn að þekja eigin getu og takast á við ný og krefjandi verkefni um leið og þau auka úthald, þol og þor. Hreyfing getur einnig haft í för með sér gleði og ánægju því að í gegnum hreyfingu læra börn á sjálf sig og umhverfi sitt.

Í Miðborg fara börn út alla jafna einu sinni á dag, hvort sem það er leikur í garðinum eða í vettvangsferð/göngutúr.

Með útiveru fá börn oft ríkari tækifæri til þess að þjálfa grófhreyfingar sínar, hvort sem það er með því að ganga, hlaupa eða þróa í trjám. Könnunarþörf barna fær einnig oft meiri frelsi þar sem að nær alltaf er hægt að finna eitthvað nýtt í umhverfinu utandyra. Með útinámi gefast einnig mikilvæg tækifæri til vísinda- og könnunarnáms.



Heilbrigði og vellíðan

Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með heilbrigði og vellíðan í Miðborg eru:

- Vettvangsferðir og gönguferðir eru farnar með börnin eftir því sem aldur og geta þeirra leyfir um nærumhverfi leikskólans.
- Fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur börnunum til þess að æfa fínhreyfingar, svo sem perlur, kubbar, púsl, litir, skæri o.s.frv.
- Áhersla er lögð á að börn hafi gott rými til leiks.
- Börn eru hvött til sjálfshjálpar. Með leiðsögn eru þau hvött til að klæða sig sjálf í og úr útifötum og þannig gefast einnig tækifæri til að þjálfra fín- og grófhreyfingar um leið sem þau eflast í trú á eigin getu og styrk.
- Í matartímum æfa öll börn sig í að ganga sjálf frá eftir matartíma og eftir því sem börnin eldast eykst sjálfsábyrgð þeirra með því að þau skammta sér sjálf á disk.
- Í Miðborg eru starfandi matráðar í öllum húsum og því er heimagerður og næringarríkur matur útbúinn á hverjum degi.
- Áhersla er lögð á að allar deildir bjóði upp á rými þar sem börn geta fengið næðisstund í daglegu starfi. Á yngri deildum er hvíld þar sem börnin leggja sig.
- Börnum er kennt mikilvægi hreinlætis og handþvotts.
- Lögð er áhersla á að kennarar og starfsfólk komi til móts við tilfinningalegar þarfir barnanna og leggi sig fram um að mæta börnunum þar sem þau eru.

Sjálfbærni og vísindi

„Þegar unnið er að sjálfbærni þarf að huga að samþættingu umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Börn læra lýðræði með því að iðka það í daglegu starfi, finna eigin styrkleika í að tilheyra og vera þátttakandi í hóp, sjá og skilja þætti frá sjónarmiði annarra, sem er mikilvægur þáttur í lýðræði“
(Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Í Miðborg er áhersla lögð á að komið sé fram við alla, bæði fullorðna og börn, af virðingu og jákvæðni. Horft er á styrkleika einstaklingsins og byggt á þeim svo að allir fái að njóta sín. Líkt og fram hefur komið er unnið með flæði í Miðborg og því ráða börnin sjálf hvað þau vilja kanna og leika með hverju sinni. Með þessu móti eru þau einnig hvött til samskipta og samvinnu í leik þannig að allir geti leikið saman og stundum þarf að gera málamiðlanir svo leikurinn henti öllum.

Það er mikilvægt fyrir börn að kynnst nærumhverfi sínu og læra að umgangast það af virðingu. Náttúrunni og hringrás hennar kynnst börnin helst á útisvæðum leikskólans. Þar er hægt að fylgjast með hvernig trén breytast yfir árið, blómin springa út og þegar hin ýmsu smádyr sem leynast í moldinni og grasinu gægjast fram.

„Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka, draga ályktanir og tjá skoðanir sínar ýmist með orðum eða líkamstjáningu. Í leikskóla þurfa börn að fá tækifæri til að læra vísindi með skapandi hugsun og í leik, þar sem þau örva sem flest skilningarvit sín“
(Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Sjálfbærni og vísindi

Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með sjálfbærni og vísindi í Miðborg eru:

- Útivera skipar mikilvægan sess í daglegu starfi. Farið er í daglega útiveru, hvort sem það er í garðinum eða gönguferðir.
- Hringrás náttúrunnar er skoðuð á margvíslegan hátt. Svo sem að gróðursetja fræ og sjá þau vaxa, tilraunir með snjó og ís o.s.frv.
- Opinn efniviður er aðgengilegur og börnin stýra hvernig þau vilja nálgast viðfangsefni sín, s.s. að flokka kubba eftir stærð eða lit frekar en að byggja með þeim.
- Leikskólinn býður upp á fjölbreyttan efnivið fyrir börnin að kanna og leika með.
- Ýtt er undir samskipti og samvinnu barna í leik og könnun þar sem þau eru hvött til að tjá sig um hvað þau vilja gera og aðstoðað ef þarf til að þau átti sig á leiðum að markmiði sínu.
- Pappír og plast er flokkað í endurvinnslu og eins er lífrænn úrgangur flokkaður.
- Kennarar og starfsfólk sér til þess að rými myndist fyrir margvíslega skynjun í daglegu starfi ýmist með tilboði um skynjunar leiki eða efnivið sem eflir skynjun.

Sköpun og menning

„Sköpun og menning er veigamikill þáttur í námi barna og samofin leik þeirra. Leikur er skapandi, börn ákveða hvernig leikur þróast og nær allt er mögulegt í leik. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Í Miðborg fá börnin að stjórna viðfangsefnum sínum sjálf í daglegu starfi. Séð er til þess að allur efniviður sé aðgengilegur börnunum svo þau geti leyft eigin áhugasviði að ráða ferðinni. Í Miðborg er leitast við að bjóða upp á umhverfi og aðstæður sem ýta undir skapandi hugsun. Hvort sem það er í gegnum flæði, samverustundir, útikennslu, vettvangsferðir eða hreyfingu. Áhersla er á að allir fái að njóta sín á eigin forsendum. Athygli er beint að því sem barnið getur gert og byggt á þeirri þekkingu. Þannig er hægt að auka við þekkingu barnsins og það eflist í að takast á við erfiðari viðfangsefni.

Kennarar og starfsfólk ræða við börnin um hugmyndir þeirra og hugsanir og gefa börnunum tækifæri til að koma með sínar hugmyndir og hugleiða hvernig hægt sé að framkvæma þær.

Í gegnum sköpun gefst einnig tækifæri til þess að mæta börnum þar sem þau eru stödd í eigin þroska og lærdómsferli. Það eru ekki bara börnin sem spreyta sig í sköpun því kennarar þurfa einnig að finna skapandi leiðir í kennslu sinni. Þannig er hægt að finna leiðir til að ná til barna og kenna þeim út frá þeirra áhugasviði og styrkleikum.

Með því að vinna á skapandi hátt og byggja á styrkleikum barna eflist sjálfsvitund og sjálfsmynd barnsins. Þau sjá og finna að þeirra skoðun og tilfinningar skipti máli ekki bara fyrir þau heldur fyrir samskipti þeirra við umhverfi sitt.

Í Miðborg mætast fjölbreyttir menningarheimar bæði meðal barnahópsins og fjölskyldna þeirra, einnig meðal starfsfólks. Þetta hefur í för með sér bæði meðvitaðan og ómeðvitaðan sýnileika fjölbreytts samfélags sem er í Miðborg og umræða um það samtinnast daglegum starfi leikskólans.

Sköpun og menning

Þær leiðir sem eru farnar til að vinna með sköpun og menningu í Miðborg eru:

- Börnin hafa aðgengi að fjölbreyttum og opnum efnivið í sköpun sinni.
- Tónlist er notuð bæði í söngstundum og eins til að hlusta á í leik og starfi.
- Verk barna eru sýnileg svo þau geti notið verka sinna. Ef barn hefur byggt listaverk úr kubbum er það myndað.
- Ríkt menningarumhverfi leikskólans er nýtt með ferðum á ýmis listasöfn, bókasafn og heimsóknir á menningarviðburði.
- Miðborg á að vera leikskóli fyrir öll, mikilvægt er að foreldrar upplifi sig velkomin í leikskólann til dæmis með því að skrifa Velkomin á öllum tungumálum leikskólans.
- Í Miðborg er rætt um heimamenningu og mismunandi tungumál. Þar er notast til dæmis við Bók barnsins sem skapar góðan umræðugrundvöll og einnig einstök verkefni sem tengjast heimamenningu barnanna.

“Menning er samofin öllu starfi leikskóla til dæmis leik barna þar sem þau skapa bæði eigin menningu og kynnast menningu annarra. Leikskólinn á að vera vettvangur fjölmennningar. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttan menningarheim barnahóps og fjölskyldna þeirra til að víkka sjóndeildarhringinn. Leikskólastarf á að endurspeglar margbreytilega menningu mismunandi einstaklinga. Horft skal til margbreytileika og er það réttur hvers og eins að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum” (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hvað eiga kennarar að kenna börnum?

Samkvæmt börnum í Miðborg

Að tala

Að leika saman

Að ekki rífast
og meiða

Að borða góðan
og hollan mat

Að ekki skemma
dót

Ný lög

Málstefna Miðborgar

Leikskólinn Miðborg er ríkur þegar kemur að fjölmenningu og þar eru mörg tungumál meðal barna- og starfsmannahóps. Áhersla er lögð á að virðing sé borin fyrir öllum tungumálum og að það sé skilningur fyrir því að það tekur tíma að læra að skilja og tjá sig á íslensku. Nám, kennsla og öll samskipti skulu því fara fram með virðingu og án fordóma.

Í lögum um leikskóla, 2. gr (90/20,08), koma fram markmið leikskólastarfs og þar stendur að eitt meginmarkmið uppeðis og kennslu í leikskóla sé að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni barna í íslensku.

„Hjá Reykjavíkurborg er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli“
(Málstefna Reykjavíkurborgar, 2017).

Mikilvægt er að viðhorf starfsfólks og nemenda til íslensku í skólakerfinu séu jákvæð og að hvatt sé til tjáningar á íslensku. Málfærni barna í leikskóla veitir vísbendingar um árangur þeirra á síðari skólastigum, meðal annars hvernig tekst til með lestrarnám, því er mikilvægt að grunnurinn sé góður (Íslensk málnefnd, 2021).

Reykjavíkurborg hefur sett fram málstefnu sem á við um allar starfsstöðvar, þar með talið skóla og leikskóla, um að starfsfólk skuli nota íslensku í störfum sínum (Íslensk málnefnd, 2021). Því er íslenska það tungumál sem er talað í leikskólanum og áhersla lögð á að allir sem eiga annað móðurmál æfi sig sem mest til þess að fá betri færni í að skilja íslensku og beita henni. Þau tungumál sem eru töluð heima eru því nefnd heimamál.

Starfsfólk Miðborgar sem hefur íslensku sem annað mál er hvatt til þess að sækja námskeið og efla færni sína í íslensku máli. Meðal þess sem boðið er upp á eru námskeið í íslensku sem fara fram á vinnutíma og eru þeim að kostnaðarlausu á vegum Menntafléttu.

Málstefna Miðborgar - framhald

Nauðsynlegt er að tryggja að börnin í leikskólanum séu í góðu málumhverfi og hafi fyrirmyndir í málnotkun í starfsfólki og kennurum leikskólans. Á svæðum þar sem börn eru á einungis að vera töluð íslenska á milli starfsfólks og við börnin. Börn þurfa að fá að heyra íslenskuna til þess að læra hana og því eru börn hvött til spjalls, að spjalla við fullorðna eða önnur börn. Gæta þarf þess að börn skilji það sem er sagt við þau, því þarf stundum að grípa til annars máls í upphafi en þá er gott að endurtaka á íslensku svo barnið tengi á milli tungumálanna, svo kölluð „samloku aðferð“. Börn og starfsfólk eru hvött til að tjá sig og áhersla er lögð á að það sé allt í lagi að gera mistök – þannig lærum við. Leikskólinn á að vera öruggur staður fyrir alla að læra og prófa sig áfram í íslensku. Börn geta talað saman á sínum heimamálum en þar sem að það eru svo mörg tungumál í Miðborg er áherslan sú að til þess að allir skilji og læri þá tölum við íslensku, leikskólamálið okkar.

Öll erum við ólík og með ólíka þekkingu og reynslu en íslenskan er okkur öllum sameiginleg. Til þess að við getum öll verið saman í leik og starfi er því mikilvægt að hún sé töluð.

Í foreldrasamskiptum er brýnt að foreldrar upplifi sig og barnið sitt velkomin í leikskólann. Það getur verið erfitt og flókið fyrir foreldra af erlendum uppruna að skilja allt sem fer fram í leikskólanum bæði vegna tungumáls og hugsanlegs menningarmunar. Því er nauðsynlegt að sjá til þess að öll skilaboð og upplýsingar komist til skila og þá getur verið hagkvæmast að nýta sér túlkabjónustu svo að foreldrar og leikskólinn geti rætt saman um barnið og tryggt að upplýsingar skili sér rétt á báða bóga. Foreldrar eru upplýstir um að það sé hlutverk leikskólans að kenna börnum íslensku en að það sé virðing borin fyrir því tungumáli sem talað er heima fyrir. Foreldrar eru einnig hvattir til að styðja við barnið í því máli ásamt því að bjóða íslenskuna velkomna heim.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Máltaka og málþróun er ekki fyrirhafnarlaus. Í daglegu starfi í leikskólanum þarf að baða börn í tungumáli. Þau þurfa samvistir við fullorðna og börn til að ná tökum á málinu. Þau þurfa að heyra mál og fá tækifæri til að nota það til að læra. Við, fullorðna fólkkið þurfum að nota hvert tækifæri sem gefst til að styðja við máltökuna t.d. með því að nota gæðamálörvun.

Settu orð á alla hluti og athafnir

Ekki krefjast þess að barnið svari ef það er ekki tilbúið til þess.

Notaðu sjálfstal og samhliðatal.

Barnið þarf fyrst að heyra málið áður en það getur notað það til samskipta.

Nefndu það sem barnið hefur áhuga á og lýstu því. Þú getur talað um lit, afstöðu, lögur, lykt, hvað maður gerir o.s.frv.



Endurtaktu oft

Endurtaktu það sem barnið segir. Ef barnið segir „sjáðu“ þá endurtekur þú það. Endurtaktu líka það sem þú segir. Leggðu áherslu á mikilvægustu orðin í setningunni.



Barn þarf að heyra rétt mál

Ef barnið segir t.d.: „sjáðu gult bill“ segðu þá, „já, þarna er gular bill“. **EKKI BENDA Á „MISTÖK“!**



Farðu inn í leik barns eða barna

Lýstu því sem er að gerast í leiknum, bættu við orðum og hugmyndum.

Ekki taka yfir leikinn, styddu við hann.



Vertu í augnhæð barnsins

Með því að horfa í augu barnsins nærðu betra sambandi við það. Barnið upplifir að þú hafir áhuga á því sem það er að gera.



Bíddu eftir viðbragði (svari) barns

Barn þarf oft lengri tíma til að svara en fullorðinn. Gefðu barninu tækifæri til að svara beint þegar það er spurt, ekki grípa fram í.



Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir

Hlustaðu á það sem barnið segir. Endurtaktu setninguna og bættu við orði t.d. ef barnið segir: „þarna er stóri billinn“, þá endurtekur þú „já þarna er stóri rauði billinn“.



Sérkennsla

„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir sérkennslu sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins“ (Sérkennslustefna leikskólasvið Reykjavíkurborgar, 2009).

Í Miðborg er hugmyndafræði um leikskóla án aðgreiningar í hávegum höfð. Í megin dráttum felur það í sér að margbreytileiki er hafður að leiðarljósi og að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi. Mikilvægt er að öll börn séu hluti af heild og fer því sérkennslan að mestu leyti fram inn á deildum og með barnahópnum. Við teljum nauðsynlegt að haga skipulagi leikskóla án aðgreiningar þannig að hægt sé að koma til móts við þarfir allra barna. Í Miðborg er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra og utanaðkomandi sérfræðinga ef þörf er á. Stuðningsaðilar barns sjá um gerð einstaklingsnámskrá í samvinnu við sérkennslustjóra.

Hlutverk þessarar námskrár er að setja fram markmið og leiðir til þess að ná settum markmiðum sem varða nám og þroska barnsins. Einstaklingsnámskrá er svo athuguð og uppfærð eftir teymisfundum sem haldnir eru á 6-8 vikna fresti. Í hverju teymi eru foreldrar barns, stuðningsaðilar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og sérkennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvar Vestur auk þeirra sérfræðinga sem þörf er á hverju sinni.

Í Miðborg er lögð áhersla á gott samstarf og að allir geti leitað til sérkennslustjóra til að sækja ráðgjöf og stuðning.



FARSÆLD BARNA

Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna

Ný lög um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna hafa tekið gildi. Markmiðið er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir sambættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar sem staðsettur er í leikskólanum. Nánari upplýsingar um lögina og þjónustuna eru á heimasíðunni farsaeldbarna.is.

Ytra og innra mat Miðborgar

„Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólalags í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Innra mat Miðborgar

Unnið er að stofnun matsteymis innan leikskólans, í því munu sitja stjórnendur, fulltrúar frá hverri deild og fulltrúar foreldra frá hverri starfsstöð. Matsteymið mun sitja í tvö ár í senn og fulltrúar teymisins skipta með sér verkum. Matsteymið mun stjórna matinu, gerð matsáætlanna, greinagerða og umbótaáætlanna og mun sjá um að virkja og kynna aðra hópa með sér í matinu.

Metið skal út frá markmiðum leikskólans hverju sinni. Skólasamfélagið mun vinna að viðmiðum um gæði er við kemur stjórnun, uppeldis- og menntastarfi, mannaúð, leikskólabrag og innra mati, þar sem stuðst verður við Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014). Þessi viðmið eru notuð í matinu en önnur viðmið, t.d. töluleg viðmið um árangur eru ákveðin á fundum matsteymis.

Langtímaátlun um innra mat Miðborgar

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf		x		x
Leikskólaþróun og starfsþróun		x		x
Skólanámskrá, starfáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starshættir	x	x	x	x
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námsvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferða barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd	x		x	
Gagnaöflun	x		x	
Opinber birting og umbætur	x		x	

Mat á þroska og líðan barna

„Markmið mats er að auka þekkingu leikskólakennara, barna, annars starfsfólks og foreldra á færni, námi og líðan barna. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna, við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Matið er fyrst og fremst umbótamiðað og úrbætur felast í því að aðlaga námsumhverfi og námsaðferðir að börnum, þannig að hæfileiki hvers og eins fái að njóta sín í leikskólastarfinu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Þegar kemur að því að meta nám, þroska og velferð barna er átt við að á meðan leikskólagöngu þeirra stendur er upplýsingum safnað um það sem þau eru að fást við og hafa áhuga á sem og hvað þau vita, geta og skilja hverju sinni. Þessar upplýsingar eru nýttar til að styðja við nám og velferð barna í námi þeirra.



Með skráningum og mati er það einnig auðveldara fyrir kennara og starfsfólk leikskólans að sjá hvað megi bæta hverju sinni og hvað sé að ganga vel.

Því er mikilvægt að allir komi að mati á námi á þroska barns sem að barninu koma.

Því er mikilvægt að skráningar séu skipulegar og samfelldar innan leikskólans og að starfsfólk deilda haldi reglulega fundi til að ræða starf sitt og það nám sem á sér stað innan deildarinnar.

„Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað. Einstaklingsmiðað mat byggir á styrkleikum og færni hvers barns með það að leiðarljósi að efla það og styrkja. Hópmiðuðu mati er ætlað að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Þar þarf meðal annars að meta hvort leikskólastarfið endurspeglir margbreytileika barnahópsins og samfélagsins“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Einstaklingsmiðað mat

Í einstaklingsmiðuðu mati er lögð áhersla á því að fylgjast með því hvað barn er að fást við og hverju það hefur áhuga á.

Þá er fylgst með hver þátttaka þeirra er í leik og starfi, hvernig barnið upplifir sig tilheyra í barnahópnum. Með skráningum og athugunum gefst innsýn í hvar barn er stött í félagsfærni og hvernig samskipti það á við umhverfi sitt og aðra. Eins og fram hefur komið er unnið með flæði í Miðborg þar sem börnin hafa mikið sjálfræði í viðfangsefnum sínum. Þar gefst kjörið tækifæri til að fylgjast með styrkleikum barns í leik og samskiptum og því einnig hægt að sjá hvort að tækifæri séu til til að styrkja börn eða aðstoða í daglegu starfi.

Hópmiðað mat

Í hópmiðuðu mati er lögð áhersla á því að fylgjast með margbreytileika barnahópsins og stöðu einstakra barna innan hópsins. Að sjá hvernig leikur barna þróast og hvernig eru samskipti barna og þátttaka þeirra í leik við önnur börn.

Út frá skráningum og skimunum er hægt að sjá hvernig barnahópurinn kemur út í heildina og þá er greinilega hægt að sjá hvaða þættir námsins eru að ganga vel yfir heildina og eins hvað má bæta eða styrkja í námi og námsumhverfi barnanna hvort sem það snýr að námsumhverfi og efnivið eða kennsluáferðum.

Í Miðborg er notast við nokkrar staðlaðar skráningar og skimunaraðferðir til að fylgjast með stöðu barna í leik og samksiptum og verða þær nefndar hér.

HLJÓM-2

Hljóm-2 er skimunartæki sem athugar sérstaklega hljóð- og málvitund leikskólubarna og er leið til að fyrr koma auga á börn sem geta verið í áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar á skólagöngu sinni.

TRAS

TRAS er skráningartæki sem snýr að málþroska og félagsþroska ungra barna á aldrinum 2-5 ára.

TRAS er lagt fyrir hvert barn tvisvar sinnum á hverju aldursári svo hægt sé að fylgjast markvisst með frávikum og/eða framförum barna í mál- og félagsþroska.

EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun sem er lögð fyrir börn á fjórða ári. EFI-2 athugar bæði á málskilning og máltjáningu barna. Prófið er myndabók sem barnið skoðar með kennara og svarar ýmsum spurningum.

Hæfnirammur

Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn er verkfæri sem ætlað er að auðvelda mat á stöðu og framförum fjöltyngdra barna á íslensku máli. Hæfnirammarnir skiptast í fjögur hæfnisvið: Tjáningarfærni, hlustunar-skilning, hljóðkerfisvitund og læsi.

Að auki stuðst við aðrar skráningaraðferðir svo sem upptökur, tilviksskráningar, ljósmyndir sem lýsir ferli leiks, hugmyndum, tilgátum, reynslu, líðan og þekkingu barna.

Bók barnsins

„Ferilmöppur eru góð leið til að skrá framfarir barna í leikskólastarfi. Þær geta meðal annars sýnt feril barnsins varðandi ritmálið frá krotstigi yfir í það að draga til stafs og skrifa orð. Þá geta fjölbreyttar skráningar á samskiptum barna og frásögnum þeirra um eigið verkefni gefið sterkar vísbendingar um stöðu þeirra og þroska“ (Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013).

Í Miðborg fá öll börn auða bók við upphaf skólagöngu. Þessi bók er hugsuð sem eins konar ferilmappa sem börnin geta fyllt í með starfsfólki leikskólans og foreldrum sínum. Bókin mun sýna feril barnsins í lífi og leik í gegnum myndir og frásagnir. Sýna hvar áhugasvið þess liggur hverju sinni og ná þannig að sýna nám barnsins frá upphafi leikskólagöngu þess í Miðborg til loka. Barnið getur farið með bókina heim að vild, skoðað hana og sett í hana myndir eða frásagnir með foreldrum sínum. Þegar að bók er orðin full fær barnið nýja bók og þá er haldið áfram. Hægt er að nota bókina sem kveikjur að samræðum og það getur sérstaklega komið sér vel þegar byggja þarf brú milli tveggja tungumála heimilis og leikskóla.

Eftir því sem börn eldast eykst þeirra þátttaka í vinnslu bókarinnar. Hvort sem það er með vali mynda og skráningar eða að sjálf klippa og líma myndir fyrir bókina. Bókin á alltaf að vera aðgengileg börnum í daglegu starfi svo þau geti skoðað hana og sýnt öðrum.



Hefðir í Miðborg

Í Miðborg eru ýmsar hefðir. Þar sem leikskólinn er enn frekar ungur eru þær alltaf í þróun og jafnvel nýjar sem bætast við með tímanum. Nokkrar af hefðum okkar eru:

- Við upphaf þorrans er borðaður þorramatur í leikskólanum, grjónagrautur, slátur, flatbrauð, hangikjöt, harðfiskur og sviðasulta. Einnig er hægt að smakka hákarl fyrir þá sem leggja í það.
- Við höldum einnig upp á sprengidag og bolludag með tilheyrandi matarhefðum.
- Á öskudeginum er öskudagsball þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni og börnin klæðast búningum sem þau hafa búið til sjálf hér í leikskólanum.
- Að vori fer útskriftarárgangur í útskriftarferð.
- Í byrjun sumars er svo haldin sameiginleg sumarhátíð húsanna með foreldrum úti í garði þar sem eru grillaðar pylsur og sungið og farið í leiki.
- Í aðdraganda jóla er foreldrum boðið í heimsókn til að skreyta piparkökur sem eru svo borðaðar á vetrarsólstöðukakói í görðum leikskólans. Þá hafa jólasveinarnir oft lagt leið sína til okkar og sungið með börnum og foreldrum.
- Litlu jól eru svo haldin þar sem haldin eru jólaböll og borðaður jólamatur.

Foreldrasamstarf

„Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Bera á virðingu fyrir fjölbreyttum bakrunni barna og hvetja foreldra fjöltyngdra barna að viðhalda móðurmálinu“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal við deildarstjóra einu sinni til tvisvar á ári, þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukreitis ef þess þarf. Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólagangan hefst, þar sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfsemi deildar barnsins.

Smáforritið Vala er einnig notað í samskiptum við foreldra. Með því er auðveldlega hægt að koma skilaboðum, myndum og upplýsingum á milli foreldra og leikskóla. Með forritinu geta foreldrar tilkynnt um fjarveru barna og sent skilaboð til deildar barns, auk þess er þar að finna upplýsingar um skipulagsdaga, fréttabréf frá deildum og stjórnendum, matseðla og fleiri gagnlegar upplýsingar.

Foreldrasamstarf

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra 21 áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

„Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra“ (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Í Miðborg er einnig starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmiskonar viðburðum bæði í leikskólanum og utan leikskólatíma.



Aðlögun í Miðborg

Í Miðborg er lögð áherslu á mjúka aðlögun þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins eftir fremsta megni. Í upphafi er foreldrum boðið í samtali með deildarstjóra til að kynnst starfsemi og umhverfi leikskólans áður en eiginleg aðlögun hefst. Lagt er upp með fjöggra daga þátttökuaðlögun þar sem foreldri og barn eru saman að aðlagast nýju umhverfi. Einn starfmaður deildar leiðir ferlið í samráði við foreldri og út frá líðan barns.

Aðlögun er ferli sem tekur mislangan tíma en alltaf er gott að gera ráð fyrir að minnsta kosti tveimur vikum þar sem fyrstu dagarnir eru að mestu leyti með foreldri og svo styttri viðvera til að byrja með.

Þegar foreldrar og barn hafa annað heimamál en íslensku er túlkabjónusta nýtt í fyrsta samtali við foreldra og ef þörf þykir er túlkur með að einhverju leyti í aðlöguninni. Þegar liðnar eru um átta vikur frá aðlögun er boðið upp á samtali við deildarstjóra. Foreldrar geta einnig alltaf beðið um samtali þegar þeir telja þörf á.

Í Miðborg er unnið að því auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og að skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldum með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og vísýni.

Þakkir

Vinnan við þessa námskrá hefur verið afar krefjandi en að sama skapi ótrúlega gefandi. Það er nauðsynlegt fyrir menntastofnanir að rýna í vinnu sína og sjá hvað er ganga vel og hvað má bæta.

Kærar þakkir eru færðar til allra þeirra sem tóku þátt í undirbúningsvinnu og vinnslu Eins þökkum við þeim sem lásu yfir og veittu ráðgjöf á meðan vinnunni stóð.

Heimildir

Csikszentmihalyi, M. (1990). *Flow*. New York: HarperCollins.

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein. Íslensku máhljóðin sýnd og sungin*. Reykjavík. Mál og menning/Forlagið.

Íslensk málnefnd. (2021). *Íslensk málstefna 2021-2030*.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (2009). *Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík.

Reykjavíkurborg. (2017). *Málstefna Reykjavíkurborgar*. Reykjavík.

Reykjavíkurborg. (2019). *Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. Reykjavík.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1997). Reykjavík. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Seligman, M. og Csikszentmihalyi, M. (2000). Positive Psychology: An Introduction. *American Psychologist* 55(1), 5–14.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). *Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf*. Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Lesið í leik, læsisstefna leikskóla* (2. útgáfa). Reykjavík.